




HANDBÓK KENNARA



Annað skólaárið að byrja

Nú er að hefjast kennsla í grunnskólum Kópavogs þar sem allir nemendur hafa aðgang að spjaldtölvu, yngsta stig hefur aðgang að bekkjarsettum en mið- og unglíngastig hafa spjaldtölvu til einkanota. Langflestir kennarar hafa öðlast talsverða reynslu og kunnáttu í notkun tækjanna í námi og kennslu. Stefnt er að því að þróun kennsluhátta haldi áfram og að kennarar nýti sér tæknina í auknum mæli í starfi sínu á því skólaári sem nú er að hefjast.

VERTU FORELDRI

Upplýsingarit fyrir foreldra um notkun spjaldtölvunnar heima fyrir

[Smelltu hér til að lesa](#)

Markmið spjaldtölvuinnleiðingarinnar

Innleiðing spjaldtölva í grunnskólum Kópavogs er fyrst og fremst skólaþróunarverkefni en ekki tækniverkefni. Reynsla íslenskra og erlendra skóla hefur sýnt að spjaldtölvur styðja við þróun kennsluhátta þegar markmiðin eru aukin fjölbreytni og einstaklingsmiðun, áhersla á sköpun og nýsköpun og valdefling nemenda.

[Smelltu hér til að lesa nánar um markmið innleiðingarinnar.](#)

[Smelltu hér til að lesa ítarlegri framsetningu á hugmyndafræðinni á bak við innleiðinguna.](#)



Notkunarskilmálar kennara

1. Spjaldtölvun er eign Kópavogsbæjar. Starfsmaður hefur afnot af henni frá afhendingu til loka skólaársins 2016-17, svo lengi sem starfsmaðurinn er í starfi við grunnskóla í Kópavogi. Spjaldtölvun er ekki afhent starfsmanni til eignar og er ekki litið á úthlutun tækisins sem skattskyld laun.
2. Kópavogsbær setur upp á spjaldtölvunni forstillingar sem leyfa nauðsynlega þjónustu, umsýslu og utanumhald.
3. Öllum starfsmönnum býðst að fá hulstur með spjaldtölvunni til hlífðar. Kjósi starfsmaður að notast við eigið hulstur er það heimilt, en forðast skal að nota spjaldtölvuna án hulsturs. Mælst er til þess að starfsmaður fari gætilega með spjaldtölvuna og verji hana gegn skemmdum og þjófnaði.
4. Undir engum kringumstæðum má nota spjaldtölvuna á ólöglegan hátt. Ekki má setja í hana stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi hennar.
5. Ef spjaldtölvun bilar eða skemmist þarf að tilkynna það strax til skólans og verður starfsmanni þá úthlutað sambærilegri spjaldtölvu. Það sama á við ef spjaldtölvu týnist eða er stolið.
6. Kópavogsbær annast þjónustu við spjaldtölvuna og skráningu aðgangs hennar að þráðlausri nettengingu í skólanum. Þráðlaust net sem auðkennt er með heitinu Kópavogur er ætlað fyrir spjaldtölvurnar og er starfsmönnum bent á að öðrum nettengingum fylgir ekki full virkni þráðlausa netsins, svo sem aðgangur að AirServer streymibúnaðinum.
7. Starfsmaður skal jafnan uppfæra stýrikerfi spjaldtölvunnar án tafar þegar nýjar uppfærslur berast. Starfsmanni er skylt að virkja staðsetningarbúnað spjaldtölvunnar og Find my iPad búnaðinn.
8. Nú færir starfsmaður á milli skóla innan Kópavogsbæjar. Heldur hann þá áfram sömu afnotum af spjaldtölvunni og annast Kópavogsbær tilfærslu á skráningu hennar innan tölvukerfis grunnskólanna.
9. Nú hættir starfsmaður störfum og skal hann þá skila spjaldtölvunni til síns skóla. Kópavogsbær áskilur sér rétt til að halda eftir forritum sem úthlutað hefur verið til starfsmanns og endurúthluta þeim.



AirWatch umsýslukerfið

AirWatch kerfið heldur utan um allan þann fjölda spjaldtölva sem er í notkun í grunnskólunum.

Hægt er að sækja námsbækur í **Content**, rafrætur fyrir kennara á **Bókasafn** og hlaða niður öppum úr **Catalog**.

Einnig er hægt að skoða notkun, t.d. hvaða öpp eru á spjaldtölvu og hvenær hún var síðast í notkun.

Spjaldtölvur sem skráðar eru á AirWatch fá sjálfkrafa aðgang að þráðlausa netinu **Kópavogur** sem er hraðvirkt, öruggt og veitir aðgang að **AirServer** streymibúnaðinum.

Með honum er hægt að tengjast þráðlaust við skjávarpann í kennslustofunni.

Finnið **Bókasafn** á skjáborði spjaldtölvunnar og smellið á það. Þar er rafráðin "**Nýjar námsleiðir**" tilbúin til niðurbætur. Smellið á **INSTALL** og bíðið róleg í nokkrar mínútur. Opnið síðan **iBooks** og þá ætti bókin að birtast þar fljótlega.



Stafræn borgaravitund

Framrás tækninnar hefur verið gríðarlega hröð á undanförunum árum og börn á grunnskólaaldri þurfa að læra að umgangast tæknina.

Það er sameiginlegt verkefni foreldra og skóla að búa nemendur undir þátttöku í tæknivæddu þjóðfélagi.

Markmið okkar er að innan fárra ára útskrifi grunnskólar Kópavogs nemendur sem kunna sig í hinum stafræna heimi.

Allir skólar hafa sínar skólareglur og það er ekki þörf á sérstöku regluverki utan um spjaldtölvur frekar en önnur námsgögn. Tilgangur skólareglna er að kenna börnum rétta hegðun og hjálpa þeim ef þau misstíga sig. Það sama á við um spjaldtölvur.

Boð og bönn virka sjaldnast betur en opin og heiðarleg samræða sem einkennist af gagnkvæmri virðingu.

Þegar spjaldtölvur eru afhentar vinna nemendur að bekkjarsáttmála um notkun spjaldtölvanna. Kennsluráðgjafar munu síðan útbúa verkefni sem kennarar fá send með reglulegu millibili um ýmis málefni sem tengjast stafrænni borgaravitund.

Find my iPad

Í öllum iPad spjaldtölvum er innbyggður staðsetningar- og þjófavarnarbúnaður sem kallast Find my iPad - allavega þangað til stýrikerfi spjaldtölvanna verður íslenskað!

Ef spjaldtölva týnist getur kennari slegið inn Apple-auðkenni og lykilorð á www.icloud.com og séð hvar spjaldtölvun er staðsett - ef hún er í netsambandi.

Einnig er hægt að senda boð í spjaldtölvuna sem læsa henni og gera hana þannig ónothæfa fyrir finnanda eða þjóf. Þannig er hægt að birta á skjá spjaldtölvunnar símanúmer sem finnandi er beðinn að hringja í.

Kennari skal ætíð hafa kveikt á Find my iPad.



Hvert getur kennari leitað?

Í öllum skólum eru starfandi leiðtogaeymi sem hafa það hlutverk að vera kennurum innan handar með ráðgjöf og stuðning. Kennsluráðgjafar hafa einnig fasta viðveru í skólunum tvisvar í viku, bæði á kennslutíma og utan hans. Rafrænar iPad-fréttir eru sendar til kennara með reglulegu millibili og hægt er að hlaða niður í spjaldtölvuna rafrókinni Nýjar námsleiðir sem inniheldur hafsjó af fróðleik. Flestir kennarar eru í Facebook-hópnum Spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs þar sem hægt er að skiptast á skoðunum og þannig mætti áfram telja.

[Smelltu hér til að lesa handbók fyrir foreldra](#)

[Smelltu hér til að lesa handbók fyrir nemendur](#)